

**Fundargerð 40. aðalfundar SSA,
haldinn í Nýheimum Höfn, Sveitarfélaginu Hornafirði
dagana 6. og 7. október 2006**

Föstudagur 6. október

Soffía Lárusdóttir formaður SSA setti aðalfundinn kl.12:00, bauð fundarmenn velkomna á þennan fertugasta aðalfundar sambandsins. Í tilefni af fjörutíu ára afmæli Sambandsins verður í tengslum við þennan aðalfund haldin sérstök hátíðardagskrá, að öðru leiti verður fundurinn með hefðbundnu sniði.

Að því loknu skipaði hún **Stefán Ólafsson og Hermann Hansson** fundarstjóra.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og skipaði **Ástu H. Guðmundsdóttur og Helga M. Pálsson** fundarritara.

Skipað í kjörbréfanefnd: Cecil Haraldsson formaður, Andrés Skúlason og Elín Magnúsdóttir.

Skipað í nefndanefnd: Ólafur Ármannsson formaður, Guðmundur R. Gíslason, Ævar Ármannsson og Ármann Skúlason.

Soffía Lárusdóttir kynnti skýrslu stjórnar starfsárið 2005 - 2006 sem liggur frammi. Skýrslan fylgir fundargögnum sem þingskjal nr.2. Vísað til allsherjarnefndar.

Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri kynnti reikninga SSA 2005, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2006 og áætlun 2007. Greinargerð, reikningar og fjárhagsáætlun fylgir sem þingskjal nr.3 og nr.4. Vísað til fjárhagsnefndar.

Þorvaldur minnti á að skýrslur eftirtalinna stofnana hefðu nú verið lagðar fram í gögnum fundarmanna og verði þeim vísað til viðeigandi starfsnefnda á fundinum.

A. Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Vísað til allsherjarnefndar. Þingskjal nr.5.

B. Orku og Stóriðjunefnd SSA.

Vísað til byggða- og atvinnumálanefndar. Þingskjal nr. 6

C. Samgöngunefnd SSA.

Vísað til samgöngunefndar. Þingskjal nr. 7.

D. Menningarráð Austurlands.

Vísað til mennta- og menningarmálanefndar. Þingskjal nr. 8

E. Fræðslunet Austurlands sem nú heitir Þekkingarnet.

Vísað til mennta- og menningarmálanefndar. Þingskjal nr. 9

F. Ferðamálasamtök Austurlands.

Vísað til byggða- og atvinnuþróunarnefndar. Þingskjal nr.10.

G. Greinargerðir: Heilbrigðisstofnunar Austurlands og Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands.

Vísað til allsherjarnefndar. Þingskjal nr. 11

H. Breytingar á samþykktum vísað til allsherjarnefndar. Þingskjal nr. 12.

1. Vaxtarsamningur Austurlands

Stefanía G. Kristinsdóttir, MBA, Þróunarfélagi Austurlands kynnti skýrslu um Vaxtarsamninginn og sagði frá undirbúningsvinnu vegna hans og tillögum sem settar voru fram í tengslum við þá vinnu. Hún sagði að það sem sérstakt væri við hann miðað við aðra

samninga sem gerðir hafa verið væri að mikil áhersla er lögð á jaðarsvæði landshlutans. Hún ræddi um klasa en þeim er ætlað að skapa aðstaður og byggja undir starfsemi er tengist áherslusviðum þeirra sem eru : Menning og ferðaþjónusta ,Menntun og rannsóknir og Matvælaframleiðsla.Einnig ræddi hún samkeppnishæf starfsskilyrði, góðar samgöngur, stoðstarfsemi við atvinnulífið, háskólastarfsemi ,rannsóknir o.fl. Hún kynnti skipurit samningsins og fjármögnun hans, hún sagði að 50% kæmu frá ríki og 50% frá sveitarfélögum og aðilum á Austurlandi. Framlag Iðnaðarráðuneytis vegna Vaxtarsamnings Eyjarfjarðasvæðisins er samtals 90 milljónir kr og Vestfjarðasamningsins alls 75. milljónir kr. Sett var fram hugmynd að samsetningu á þátttakendum í Vaxtarsamningnum með heildarfjármagni til hans að upphæð 166.5 milljónir kr.

Fyrirspurnir komu frá Ara Þorsteinssyni, Stefáni Stefánssyni og Helgu Jónsdóttur Stefanía G Kristinsdóttir svaraði fyrirspurnunum.
Skýrslunni vísað til byggða- og atvinnumálanefndar. Þingskjal nr.13.
Stefanía G. Kristinsdóttir fylgir skýrslu sinni eftir í nefndinni.

2. Þjónusta við íbúa af erlendum uppruna á Austurlandi

Helstu niðurstöður starfshóp SSA

Elsa Arnardóttir framkvæmdastjóri Fjölmenningsaseturs ræddi um vaxandi flutning fólks af erlendum uppruna til Íslands. Sagði hún að stefna íslenskra stjórnvalda varðandi innflytjendamál væri óljós, ræddi hún um aðlögun og þátttöku útlendinga í samfélaginu. Óðinn G. Óðinnsson verkefna- og þjónustufulltrúi Fljótshéraðs gerði grein fyrir helstu niðurstöð starfshóps SSA. Það voru skipaði fjórir starfshópar. Tillögum sem komu fram er varpað til heimamanna sjálfra. Ekki nóg gert til að aðlaga innflytjendur að íslensku samfélagi. Sveitarfélög þurfa að hafa skýrari stefnu, virkja erlenda íbúa til þátttöku í samfélaginu, meiri íslenskukennslu, búa yfir aðgengilegum upplýsingum um þá þjónustu sem sveitarfélög veita. Einnig ræddi hann um túlkaþjónustu og niðurgreiðslur á námskeiðum í íslensku.

Fyrirspurnir komu frá Guðmundi Gíslasyni, Cecil Haraldssyni, Aðalbirni Björnssyni, Helgu Jónsdóttur, Viktoríu Rán Ólafsdóttur og Signýju Ormarsdóttur.
Elsa og Óðinn svöruðu fyrirspurnum.
Skýrslunni vísað til mennta og menningarmálanefndar. Þingskjal nr.14.
Elsa og Óðinn fylgja skýrslu sinni eftir í nefndinni.

3. Tillögur til aðalfundar (breyting á fundarboði)

A) Álit kjörbréfanefndar.

Cecil Haraldsson skilaði álit kjörbréfanefndar, en fullgildir fundarmenn eru 47 frá 9 sveitarfélögum. Þeir eru :

Fljótshérað: Soffía Lárusdóttir, Þráinn Lárusson, Guðmundur Ólafsson, Baldur Pálsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Sigurður Grétarsson, Soffía Sigurjónsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Anna Sigríður Karlsdóttir, Páll Sigvaldason, Katrín Ásgeirsdóttir, Eiríkur Bj. Björgvinsson.

Breiðdalshreppur: Páll Baldursson, Unnur Björgvinsdóttir.

Djúpavogshreppur: Albert Jensson, Brynjólfur Einarsson.

Fjarðabyggð: Guðmundur R. Gíslason, Sigrún Birna Björnsdóttir, Dána Mjöll Sveinsdóttir, Smári Geirsson, Íris Valsdóttir, Guðmundur Þorgrímsson, Jón Björn Hákonarson, Líneik Sævarsdóttir, Eiður Ragnarsson, Valdimar O. Hermannsson, Benidikt Jóhannsson, Jens Garðar Helgason, Pétur Gauti Hreinsson, Helga Jónsdóttir, Ævar Ármannson.

Sveitarfélagið Hornafjörður: Hjalti Þór Vignisson, Árni Rúnar Þorvaldsson, Guðrún Ingimundardóttir, Reynir Arnarson, Sigurlaug Gissurardóttir, Halldóra B. Jónsdóttir, Björn Ingi Jónsson.

Fljótsdalshreppur: Gunnþórunn Ingólfisdóttir, Jóhann F. Þórhallsson.

Borgarfjarðarhreppur: Steinn Eiríksson.

Seyðisfjarðarkaupstaður: , Ólafur Hr. Sigurðsson, Ómar Bogason, Vilhjálmur Jónsson.

Vopnafjarðarhreppur: Anna Pála Víglundsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Björn Halldórsson.

Engar athugasemdir. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 15

4. Rannsókn á samfélagsáhrifum á stóriðju- og virkjanaframkvæmdum á Austurlandi.

Kjartan Ólafsson félagsfræðingur, Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri,

Enok Jóhannsson rekstarfræðingur Þróunarfélags Austurlands.

Kjartan Ólafsson fór yfir forstöðu málsins og kynnti niðurstöður rannsóknarinnar í stuttu máli. Fram kom, m.a. í máli hans að lengi hafi verið til skoðunar með hvaða hætti nýta mætti orku á Austurlandi til að skapa störf í fjórðungnum og loks árið 2000 lýsir Norsk Hydro yfir áhuga sínum með að reisa álver á Reyðarfirði. Í kjölfarið af því er ákvörðun tekin um framkvæmd rannsóknarinnar. Marmið verkefnisins var m.a. að safna gögnum vegna síðari samanburðar á sambærilegum stórfamkvæmdum og lágmarka neikvæð áhrif þeirra og auka jákvæð áhrif. Áhrif framkvæmdanna virtust vera mest á miðsvæði Austurlands en þau hafa einnig komið miklu róti á samfélagið í heild sinni. Ekki er nauðsynlegt að um umtalsverða íbúafjölgun verði að ræða vegna framkvæmdarinnar heldur ekki síst að afkoma og ánægja íbúanna sem fyrir eru aukist og haldið verði í það jákvæða. Stefnt er að lokum verkefnisins árið 2009.

Fyrirspurnir komu frá Þuríði Backman, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Einari Má Sigurðssyni, Þorsteini Steinssyni, Aðalbirni Björnssyni,

Kjartan og Enok svöruðu fyrirspurnum.

Skýrslunni vísað til samgöngunefndar. Þingskjal nr.15.

Kjartan Ólafsson og Enok Jóhannsson fylgja skýrslu sinni eftir í nefndinni.

5 Tillögur til aðalfundar

B) Tillögur nefndanefndar:

Ólafur Ármannsson kynnti tilnefningar í eftirfarandi nefndir:

Mennta – og menningarmálanefnd

Ólafur Hr. Sigurðsson formaður Seyðisfjarðarkaupstað

Gunnþórunn Ingólfisdóttir Fljótsdalshreppi

Jónína Rós Guðmundsdóttir Fljótsdalshéraði

Soffía Sigurjónsdóttir Fljótsdalshéraði

Eiríkur Bj. Björgvinsson Fljótsdalshéraði

Benidikt Jóhannsson Fjarðabyggð

Íris Valsdóttir Fjarðabyggð

Líneik Sævarsdóttir Fjarðabyggð

Pétur Gauti Hreinsson Fjarðabyggð

Guðrún Ingimundardóttir Sveitarfélaginu Hornafirði

Byggða – og atvinnumálanefnd

Smári Geirsson formaður Fjarðabyggð

Björn Halldórsson Vopnafirði

Vilhjálmur Jónsson Seyðisfjarðarkaupstað

Steinn Eiríksson Borgarfjarðarhreppi

Jóhann F Þórhallsson Fljótsdalshreppi
Guðmundur Ólafsson Fljótsdalshéraði
Anna Sigríður Karlsdóttir Fljótsdalshéraði
Brynjólfur Einarsson Djúpavogshreppi
Páll Baldursson Breiðdalshreppi
Sigrún Birna Björnsdóttir Fjarðabyggð
Díana Mjöll Sveinsdóttir Fjarðabyggð
Sigurlaug Gissurardóttir Sveitarfélaginu Hornafirði
Halldóra B Jónsdóttir Sveitarfélaginu Hornafirði

Samgöngunefnd

Björn Hafþór Guðmundsson formaður Djúpavogshreppi

Anna Pála Víglundsdóttir Vopnafjarðarhreppi
Ómar Bogason Seyðisfjarðarkaupsstað
Albert Jensson Djúpavogshreppi
Baldur Pálsson Fljótsdalshéraði
Sigurður Grétarsson Fljótsdalshéraði
Guðmundur Þorgrímsson Fjarðabyggð
Eiður Ragnarsson Fjarðabyggð
Ævar Ármannsson Fjarðabyggð
Reynir Arnarsson Sveitarfélaginu Hornafirði
Björn Ingi Jónsson Sveitarfélaginu Hornafirði

Allsherjarnefnd

Hjalti Þór Vignisson formaður Sveitarfélaginu Hornafirði

Borghildur Sverrisdóttir Vopnafjarðarhreppi
Páll Sigvaldason Fljótsdalshéraði
Katrín Ásgeirsdóttir Fljótsdalshérað
Unnur Björgvinsdóttir Breiðdalshreppi
Jón Björn Hákonarson Fjarðabyggð
Valdimar O Hermannsson Fjarðabyggð
Helga Jónsdóttir Fjarðabyggð

Fjárhagsnefnd

Þorsteinn Steinsson formaður Vopnafjarðarhreppi

Jens Garðar Helgason Fjarðabyggð
Helga Þórarinsdóttir Fljótsdalshéraði

Kjörnefnd

Þráinn Lárusson formaður Fljótsdalshéraði

Guðmundur R Gíslason Fjarðabyggð
Árni Rúnar Þorvaldsson Sveitarfélaginu Hornafirði
Þingskjal nr 17.

C) Tillögur frá stjórn og fulltrúum

Til allsherjarnefndar

Ályktun um heilbrigðisþjónustu

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 skorar á ríkisstjórn Íslands að halda áfram að efla heilbrigðiskerfið á Austurlandi til þess að mæta álagi og þenslu sem fylgir framkvæmdum á mið Austurlandi. Fjölga þarf starfsmönnum, bæta húsakost og tækjabúnað. Fundurinn hvetur til áframhaldandi uppbyggingar og þróunar á nýtingu upplýsingartækninnar

til að bæta þjónustu heilbrigðisstofnananna og auðvelda íbúum svæðisins not af hátæknisjúkrahúsum.

Mikilvægt er að stjórnvöld sem komu hinum miklu framkvæmdum á Austurlandi af stað fylgi því verki eftir með sérstökum fjárveitingum til þess að styrkja þá samfélagsþjónustu sem er á vegum ríkisins. Heilbrigðiskerfið þarf eins og þjónusta sveitarfélaga að geta mætt þeim miklu og hröðu þjóðfélagsbreytingum sem nú eiga sér stað á Austurlandi.

Heilbrigðisstofnun Austurlands

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 ályktar eftirfarandi um málefni Heilbrigðisstofnunar Austurlands:

Heilbrigðisstofnun Austurlands er einn af hornsteinum opinberrar þjónustu í fjórðungnum. Óvenjulegar og tímabundnar aðstæður vegna stórframkvæmda valda erfiðleikum í rekstri hennar. Verði ekki að gert minnkar þjónustugeta stofnunarinnar. Það veldur íbúum svæðisins óþægindum og skaða og hætta er á að þróunarstarf undangenginna ára fari forgörðum. Ársfundurinn vill að Alþingi samþykki aukin framlög til stofnunarinnar þannig að hún geti haldið uppi nauðsynlegri og eðlilegri starfsemi.

Greinargerð:

Frá stofnun Heilbrigðisstofnunar Austurlands árið 1999 hefur verið unnið mikið starf að uppbyggingu og eflingu heilbrigðisþjónustu á starfssvæði stofnunarinnar.

Stofnuninni hefur verið gert kleyft að þróa tæknilausnir og aðlaga starfsemina staðháttum ásamt því að samhæfa aðgerðir og samnýta þekkingu starfsmanna.

Markmið starfsins er og hefur verið að íbúar Austurlands eigi kost á jafn góðri heilbrigðisþjónustu og aðrir Íslendingar og að sú þjónusta sé veitt í fjórðungnum eftir því sem tækni og þekking leyfir. Áhersla hefur verið lögð á aukið framboð sérfræðiþjónustu af ýmsu tagi og stofnunin tekið þátt í þróunarverkefnum Heilbrigðisráðuneytisins, m.a. á sviði barnalækninga og sálfræðiþjónustu.

Stofnunin tekst nú á við mikla fólksfjölgun og óvenjuleg verkefni, þ.e. þjónustu við allt að 4.000 starfsmenn við stórframkvæmdir á Austurlandi. Þessi verkefni eru kostnaðarsöm og mikið álag er á starfsmönnum Heilbrigðisstofnunarinnar. Meðan á þeim stendur verður stofnunin að hafa fjárhagslegt svigrúm til að varðveita og efla hið reglubundna hlutverk sitt, þ.e. alhliða heilbrigðisþjónustu við íbúa svæðisins.

Ályktun um heilbrigðiseftirlit.

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 beinir því til stjórnar SSA að beita sér af fullum þunga fyrir því að Umhverfisstofnun verði hið fyrsta við endurteknum erindum frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands um framsal eftirlitsverkefna og þvingunarúrræða í samræmi við lagaheimildir þar um.

Jafnréttisyfirlýsing SSA

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 staðfestir jafnréttisyfirlýsingu SSA frá aðalfundi 2002 svohljóðandi:

„Í starfi SSA skal það vera meginregla að bæði kyn verði þátttakendur í sem flestum verkefnum. Við kjör í stjórn, nefndir og ráð á vegum sambandsins skal taka tillit til þessara meginreglu eins og frekast er kostur. Þá eru allar sveitarstjórnir á sambandssvæðinu hvattar til þess að setja sér jafnréttisáætlanir.“

Ályktun um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 skorar á ríkisvaldið að hefja nú þegar heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga með það að markmiði að fjölga skattstofnum þannig að sveitarfélög beri ekki skarðan hlut frá borði m.v. breytta uppsprettu tekna í þjóðfélaginu.

Stóruaúinn fjöldi einkahlutafélaga og einstaklinga sem einungis hafa fjármagnstekjur hefur leitt af sér að einstaklingar sem áður greiddu skatt bæði til ríkis og sveitarfélaga greiða nú í litlum mæli skatt til sveitarfélaga.

Sveitarfélögin hafa þó eftir sem áður lögbundnar skyldur um að veita öllum íbúum sínum þjónustu og því óeðlilegt að breytingar á skattaumhverfi og skattareglum leiði það af sér að skattar sem undir þeirri þjónustu eiga að standa hverfi með öllu eða rými verulega fyrir einhliða ákvarðanir ríkisvaldsins.

Fráveitumálefni.

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 felur SSA að beita sér fyrir því að ríkisvaldið komi í auknu mæli að fjármögnun fráveituverkefna sveitarfélaga. Miðað við núverandi tekjustofna sveitarfélaga er augljóst að mörg þeirra hafa ekki bolmagn til að standa við lög um fullnægjandi hreinsun fráveitu.

Stjórnun og eftirlit með hreindýraveiðum á Austurlandi.

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 minnir á samþykkt aðalfundar 2003, þar sem því er beint til umhverfissráðherra og Umhverfisstofnunar (UST) að tryggja að forræði vegna stjórnunar og eftirlits með hreindýraveiðum verði sem mest á Austurlandi.

Minnt er á að hreindýraveiðar fara eingöngu fram á Austurlandi og nú þegar er til staðar í fjórðungnum víðtæk þekking og reynsla, þannig að austfirðingar eru vel í stakk búnir til að taka málaflokkinn alfarið til sín.

Vatnajökulspjóðgarður

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 styður stofnun Vatnajökulspjóðgarðs. Mikilvægt er að tryggðir verði fjármunir til að standa myndarlega að uppbyggingu stærsta þjóðgarðs í Evrópu til þess að þjóðgarðurinn standi undir væntingum. Sýnt hefur verið fram á ótvírætt gildi þjóðgarða fyrir ferðaþjónustu í nágrenni þeirra. Stefna ber að þjónustusamningum milli yfirstjórnar þjóðgarðsins og sveitarfélaga um rekstur þjóðgarða á einstökum rekstrarsvæðum þjóðgarðsins. Ennfremur er afar brýnt að þegar á þessu ári verði veitt framlag til þess að endurnýja snyrtingar og böð í Skaftafellspjóðgarði, einum fjölsóttasta ferðamannastað landsins.

Samstarfssamningur SSA og Þróunarfélags Austurlands

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 fagnar nýgerðum samstarfssamningi SSA og þróunarfélags Austurlands. Með því að setja samstarfið í formlega umgjörð næst enn betri árangur í vinnu þessara aðila í þjónustu fyrir sveitarfélögin í landshlutanum.

Þingskjal nr 18.

Til Mennta – og menningarmálanefnd

Tillaga að ályktun um Þekkingarnet Austurlands

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6. og 7. október 2006 fagnar stofnun Þekkingarnets Austurlands.

Fundurinn leggur áherslu á að haldið verði áfram að efla starfsemina á sviði símenntunar með því að auka framboð og gæði þeirra námskeiða sem íbúum standa til boða. Sérstaklega verði horft til þess hóps sem hefur stutta formlega skólagöngu.

Fundurinn telur mikilvægt að auka framboð fjarnáms á háskólastigi, m.a. með samstarfi við erlenda háskóla.

Aðalfundur SSA telur mjög brýnt að Þekkingarnet Austurlands nái að verða miðstöð rannsóknastarfs í landshlutanum með því að byggja upp þjónustu og ráðgjöf við þá aðila sem stunda rannsóknir á svæðinu og með stuðningi við þekkingarsetrin á Höfn, í Neskaupstað og væntanlegt þekkingarsetur á Egilsstöðum.

Aðalfundur SSA telur mikilvægt að ÞNA vinni að þessum markmiðum í samstarfi við og með stuðningi frá sveitarfélögum, stofnunum og atvinnulífi í landshlutanum.

Tillaga að ályktun um framhaldsskóla.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6. og 7. október 2006 lýsir ánægju sinni yfir nýjum áfanga í byggingamálum Menntaskólans á Egilsstöðum.

Fundurinn leggur áherslu á að framhaldsskólarnir á starfssvæði SSA gegna lykilhlutverki í mótun mannlífs og undirbúningi ungmenna til þróttmikillar framtíðar hér eystra. Fundurinn felur stjórn SSA að vinna áfram að bættri aðstöðu skólanna til að gegna hlutverki sínu. Einnig skorar fundurinn á stjórnvöld að standa vel að uppbyggingu og rekstri framhaldsskólanna á starfssvæði SSA í ljósi þeirra fólksflutninga sem framundan eru til landshlutans.

Tillaga að ályktun um jafnrétti til náms.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.- 7. október telur mikilvægt að framhaldsskólum sé gert fjárhagslega kleift að mæta eftirspurn úr dreifðum byggðum til fjarnáms.

Í þessu sambandi minnir fundurinn á mikilvægi þess að fjarskiptanetið geti sinnt gagnaflutningum.

Tillaga til ályktunar um skólagöngu fatlaðra grunnskólanema.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.- 7. október 2006 skorar á félagsmálaráðherra að gera nú þegar samkomulag við sveitarfélögin um skólavist fatlaðra grunnskólanema.

Tillaga að ályktun um samstarf í menningarmálum.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6. og 7. október 2006 lýsir ánægju sinni með það öfluga starf sem unnið er í menningarmiðstöðvum fjórðungsins. Einnig fagnar fundurinn þeim jákvæðu áhrifum sem samningur viðkomandi sveitarfélaga og Menningarráðs Austurlands á grundvelli fjárframlaga ríkis og sveitarfélaga hafa á það starf .

Tillaga að ályktun um Gunnarsstofnun.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn í Hornafirði 6. -7. október 2006 telur að uppbygging síðustu ára á starfsemi Stofnunar Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri hafi haft mikla þýðingu á fjórðungsvísu. Fundurinn skorar á ríkisvaldið að tryggja framtíð stofnunarinnar sem sterkrar og sjálfstæðrar menningarstofnunar með langtímasamningi milli menntamálaráðuneytis og Gunnarsstofnunar. Jafnframt að tryggt verði til framtíðar fjármagn til viðhalds og endurbóta á eignum þjóðarinnar að Skriðuklaustri.

Tillaga að ályktun um fornleifarannsókn á Skriðuklaustri.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn í Hornafirði 6. -7. október 2006 hvetur stjórnvöld til að tryggja áframhaldandi fjármagn til fornleifarannsóknarinnar á Skriðuklaustri svo að ljúka megi henni á næstu árum. Rannsóknin hefur leitt í ljós gagnmerkar upplýsingar fyrir sögu fjórðungsins og þjóðarinnar á síðmiðöldum og kollvarpað gömlum kenningum um klausturbyggingar og starfsemi klaustra. Aðstæður á Skriðuklaustri eru allar með þeim hætti að óásættanlegt er að hætta nú þegar uppgroftur á rústunum er hálfnaður og fyrirsjáanlegt að ljúka megi rannsókninni á fáum árum.

Tillaga að ályktun um Þórbergssetur.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.- 7. október 2006 telur að uppbygging Þórbergssseturs á Hala hafi mikla þýðingu á landsvísu. Fundurinn bendir á að fjárframlög til setursins eru afar lág. Því leggur fundurinn til að Þórbergsssetri verði tryggð samsvarandi rekstrarframlög og Gunnarsstofnun og Gljúfrasteini svo framtíð Þórbergssseturs sem menningarstofnunar verði tryggð til framtíðar.

Tillaga að ályktun um málefni innflytjenda.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.-7. október þakkar þeim fjölmörgu, sem komið hafa að og taka þátt í starfshópi SSA um bætta þjónustu við innflytjendur.

Hluti þess starfs var málþing um Fjölmennningarlegt Austurland í september og á aðalfundinum voru kynntir þeir áfangar sem komnir eru.

Lokatillögur eru væntanlegar um næstu áramót og skorar fundurinn á sveitarfélög, atvinnurekendur og ríkisvald til að sinna þessu máli á grundvelli þeirra.

Tillaga að ályktun um framhaldsnám tónlistarnema.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.-7. október 2006 skorar enn og aftur á ríkisvaldið að axla að fullu ábyrgð sína á framhaldsnámi á sviði tónlistar og greiða að fullu stjórnunar- og kennslukostnað við námið.

Tillaga að ályktun um eflingu iðn- og starfsnáms.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.- 7. október skorar áfram á yfirvöld menntamála að stórefla kynningu á iðnnámi og starfsnámi á framhaldsskólastigi. Þá vill fundurinn hvetja til þess að Verkmenntaskóla Austurlands verði ávallt gert kleift að rækja hlutverk sitt sem kjarnaskóla iðn- og tæknimenntunar í landshlutanum. Eftirspurn eftir iðnlærðu fólki og fólki með starfsmenntun er gríðarlega mikil á Austurlandi og landinu öllu og því ætti efling slíks náms að vera forgangsverkefni hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum.

Tillaga að ályktun um jafnrétti til náms.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.- 7. október telur mikilvægt að framhaldsskólum sé gert fjárhagslega kleift að mæta eftirspurn úr dreifðum byggðum til fjarnáms.

Í þessu sambandi minnir fundurinn á mikilvægi þess að fjarskiptanetið geti sinnt gagnaflutningum.

Tillaga að ályktun um forvarnir.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.- 7. október fagnar þeirri athygli sem nýliðinn forvarnardagur náði og skorar á sveitarfélögin á starfssvæðinu að hlutast til um að skólar á Austurlandi komi sér upp metnaðarfullri forvarnaáætlun sem fylgt verði.

Tillaga að ályktun um æskulýðs- og íþróttamál.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.-7. október 2006 fagnar þeirri miklu og mikilvægu uppbygginu sem fram fer í æskulýðs- og íþróttamálum í fjórðungnum og skorar á sveitarstjórnir innan SSA að halda áfram á sömu braut. Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi æskulýðs- og íþróttastarfs sem forvarnarstarfs og skorar á ríkisvaldið að halda áfram stuðningi við það starf sem unnið er í þessum málaflokki t.d. með öflugum íþróttasjóði og stuðningi við uppbyggingu og rekstur ungmennahúsa. Fundurinn skorar á stjórnvöld að auka fjármagn til sjóðsins með það að markmiði að sjóðurinn styðji betur við íþrótt- og æskulýðsstarf á landsbyggðinni vegna hins mikla ferðakostnaðar sem íþrótt- og æskulýðsfélög á landsbyggðinni þurfa að greiða.

Þingskjal nr 19

Til Byggða og atvinnumálanefndar.

Stóriðjuframkvæmdir - vöktunarverkefni.

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. -7. október 2006 fagnar þeirri atvinnubyltingu sem orðið hefur á Mið-Austurlandi, en jafnframt ber að harna hvað vinna við svonefnt "Vöktunarverkefni" hefur dregist. Ljóst virðist vera, að ekki muni liggja fyrir neinar tillögur eða ábendingar til stjórnvalda um áhrif framkvæmdanna fyrr en álverið hefur hafið framleiðslu. Sérlega er þetta bagalegt fyrir þær byggðir sem liggja utan áhrifasvæðis framkvæmdanna og hafa ekki getað nýtt sér þær sem skyldi, auk þess gengur þessi staða málsins þvert á þau fyrirheit opinberra aðila, sem gefin voru í aðdraganda framkvæmdanna.

Ef neikvæð áhrif mælast í vöktunarverkefninu undirstrikar fundurinn nauðsyn þess að stjórnvöldum verði gert viðvart þannig að þau geti brugðist við aðstæðum með viðeigandi hætti. Aðalfundurinn lýsir einnig áhyggjum sínum vegna skertrar þjónustu af hálfu hins opinbera á jaðarsvæðum fjórðungsins á liðnum árum m.a. með fækkun á opinberum stöðugildum. Þá harmar aðalfundurinn uppsagnir starfsmanna Ratsjárstofnunar á landsbyggðinni.

Jarðhitaleit - Orkuverð.

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. -7. október 2006 skorar á stjórnvöld að auka nú þegar fjármagn til jarðhitaleitar á köldum svæðum. Þá hvetur fundurinn stjórnvöld til að tryggja fjármagn í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eða með öðrum sambærilegum hætti. Í því sambandi er bent á að mörg hinna minni sveitarfélaga á köldum svæðum eiga m.a. í miklum erfiðleikum með rekstur sundlaugamannvirkja og er því nauðsynlegt að þau fái sérstaka niðurgreiðslu á raforku meðan ekki finnst aðrar lausnir. Við útreikning á niðurgreiðslu væri eðlilegt miða við meðal kyndikostnað hjá hitaveitum í landinu.

Orkuverð-varaafli.

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. – 7. október 2006 ítrekar fyrri ályktanir að fylgst verði með hvernig orkuverð til almennings og atvinnufyrirtækja þróast í nýju orkumhverfi. Sérstaklega þarf að leggja yfir þróun rafhitunarkostnaðar í dreifbýli. Þá vill fundurinn beina því til ráðherra orkumála að tryggt verði með hvaða hætti á að treysta varaafli í hinum dreifðu byggðum sem ekki eru inn á hringtengingu raforkunetsins. Slíkt öryggi í afhendingu raforku getur skipt sköpum hvað varðar atvinnu uppbyggingu.

Vatnajökulspjóðgarður

40. Aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6 – 7 október 2006, styður stofnun Vatnajökulspjóðgarðs. Mikilvægt er að tryggðir verði fjármunir til að standa myndarlega að uppbyggingu stærsta þjóðgarðs í Evrópu, til þess að þjóðgarðurinn standi undir væntingum. Sýnt hefur verið fram á ótvírætt gildi þjóðgarða fyrir ferðapjónustu í nágrenni þeirra. Stefna ber að þjónustusamningum milli yfirstjórnar þjóðgarðsins og sveitarfélaga um rekstur þjóðgarða á einstökum rekstrarsvæðum þjóðgarðsins. Ennfremur er afar brýnt að þegar á þessu ári verði veitt framlag til þess að endurnýja snyrtingar og böð í Skaftafellspjóðgarði ferðamannastað landsins.

Vaxtarsamningur.

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. – 7. október 2006 fagnar gerð og undirritun Vaxtarsamnings Austurlands og sér í honum tækifæri fyrir sveitarfélög á Austurlandi til að snúa vörn í sókn. Undirstrikað er í þessu sambandi að ríki og sveitarfélög þurfa að standa vörð um samninginn og tryggja að hann verði Austurlandi til framdráttar, en í vinnslu hans var lögð áhersla á að virkja sóknarfæri svæðisins og hugmyndir íbúa og atvinnulífs, er stuðlað gætu að nýsköpun og vexti atvinnulífs á Austurlandi. Lögð er áhersla á að ríki, sveitarfélög, einstaklingar og fyrirtæki þurfi að standa saman að því að tryggja nægt fjármagn til þess að vinna úr hugmyndum samningsins.

Ferðapjónusta

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. – 7. október 2006 leggur áherslu á mikilvægi upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðapjónustu á svæðinu. Rekna eru tvær landshlutamiðstöðvar á Austurlandi, á Höfn og Egilsstöðum. Auk þess er rekin landshlutastöð á Seyðisfirði. Áhersla er lögð á sambærilegar fjárveitingar til þessara upplýsingamiðstöðva.

Uppbygging og markaðssetning ferðapjónustu

40. Aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. okt. 2006 beinir þeim eindregnu tilmælum til ráðherra ferðamála og ríkisvaldsins að á næstu árum verði veitt sérstöku fjármagni til

uppbyggingar, þróunar, og markaðssetningar á sviði ferðaþjónustu á jaðarsvæðum fjórðungsins, þar sem að áhrifa stóriðju og virkjanaframkvæmda á Austurlandi gætir ekki.

Samstarf ferðaþjónustu aðila

40. Aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. okt. 2006 skorar á ferðaþjónustuaðila að auka samstarf í markaðssetningu fjórðungsins og uppbyggingu í ferðaþjónustu, enda hefur markviss samvinna á því sviði skilað mælanlegum árangri í öðrum landshlutum.

Reykjavíkurflugvöllur

40. Aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. skorar á ríkisvaldið að tryggja að miðstöð innanlandsflugs verði áfram staðsett í Reykjavík.

Aukið fjármagn til skógræktarverkefna á Austurlandi

40. Aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október beinir þeim eindregnu tilmælum til þingmanna og fjárveitingarvaldsins að staðið verði við samþykktu skógræktaráætlun Alþingis. Til að svo megi verða þarf að auka fjárveitingar til landshlutabundinna skógræktarverkefna s.s. Héraðsskóga, Austurlandsskóga og Suðurlandsskóga.

Byggðaaætlun

40. Aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október leggur áherslu á að byggðaaætlun fái í framtíðinni sambærilegt vægi og samgönguáætlun.

Skógrækt ríkisins

Staðan í dag:

- SSA hefur áhyggjur af niðurskurði á fjárveitingum til Skógræktar ríkisins. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir niðurskurði á fjárveitingum til stofnunarinnar 3ja árið í röð. (Nú er svo komið að uppsafnaður höfuðstóll stofnunarinnar er uppurinn og mun því stofnunin þurfa að draga saman seglin, skerða þjónustu og fækka starfsfólki.).
- SSA hefur áhyggjur af umræðum um flutning höfuðstöðva Skógræktar ríkisins frá Egilsstöðum

Verkefni og væntingar:

- Tryggt verði að Skógrækt ríkisins geti sinnt hlutverki sínu þannig að það bitni hvorki á hefðbundinni starfsemi stofnunarinnar eða komi niður á framtíðar áherslum s.s. þátttöku í uppbyggingu vísinda- og þekkingarstarfs á Austurlandi.
- Skógrækt ríkisins er ein af öflugustu stofnunum ríkisins á Austurlandi og hefur m.a. sinnt mikilvægu hlutverki í uppbyggingu þekkingarsamfélags í fjórðungnum. Fljótshálfshérað mótmælir öllum hugmyndum um flutning stofnunarinnar úr sveitarfélaginu.

Þingskjal nr 20

Samgöngunefnd

Samgöngumál

Tillögur til samgöngunefndar.

Hornafjarðarflugvöllur

40. aðalfundur SSA, haldinn á Hornafirði 6. -7. október 2006, leggur áherslu á mikilvægi góðra flugsamanga fyrir fjórðunginn. Mikilvægt er að byggja flugvöllinn á Hornafirði upp, þannig að hann geti í ríkari mæli þjónað erlendum einkaflugvélum og þotum auk þess að tryggja áreiðanlegar flugferðir fyrir íbúa á Hornafjarðar.

GSM og hraðvirkt netsamband

40. aðalfundur SSA, haldinn á Hornafirði 6. – 7. október 2006, skorar á stjórnvöld að ljúka uppsetningu á dreifikerfi fyrir GSM samband sem fyrst í dreifbýli jafnt sem þéttbýli. Einnig er gerð krafa um hraðvirkt netsamband um allt land.

Samgöngumál

40. aðalfundur SSA, haldinn á Hornafirði 6. – 7. október 2006, leggur áherslu á að framkvæmdir við nýtt vegstæði yfir Hornafjarðarfljót verði hafnar sem fyrst. Ennfremur er mikilvægt að tryggja greiðar og öruggar samgöngur milli Hornafjarðar og Austfjarða með göngum undir Lónsheiði.

Hafnamál

40. aðalfundur SSA, haldinn á Hornafirði 6. – 7. október 2006, krefst þess að sá kafli hafnarlaga, er fjallar um styrki til hafnarframkvæmda, verði endurskoðaður. Fundurinn fer þess á leit við samgönguyfirvöld að þau sjái til þess, að gildistöku þess ákvæðis laganna verði frestað um að minnsta kosti 2 ár eða til ársloka 2008. Þessi tími verði samhliða nýttur til að endurskoða 24. gr. hafnarlaga.

Axarvegur.

40. aðalfundur SSA, haldinn á Hornafirði 6. – 7. október 2006, leggur áherslu á að nú þegar skuli farið að vinna markvisst að framgangi þeirra tillagna er liggja á borði Vegagerðarinnar um nýtt vegstæði á Öxi. Þá vill fundurinn ítreka að komið verði á föstum ruðningsdögum á Axarvegi strax í vetur og séð verði til þess að veginum verði einnig sinnt með hálkuvarnir í huga, þegar á þarf að halda.

Þjóðvegur 1

40. aðalfundur SSA, haldinn á Hornafirði 6. – 7. október 2006, leggur til að samgönguyfirvöld geri úttekt á því með hag vegfarenda að leiðarljósi hvar lega þjóðvegur 1 skuli vera til framtíðar um Austurland í ljósi mikils samdráttar í umferð um núverandi þjóðveg 1 um Breiðdalsheiði. Í úttektinni skal m.a. taka mið af arðsemissjónarmiðum, styttingu leiða og öryggisþátta.

Skriðdalsvegur

40. aðalfundur SSA, haldinn á Hornafirði 6. – 7. október 2006, ítrekar og leggur áherslu á að lokið verði við að leggja bundið slitlag á þjóðveg 1 um Skriðdal sem allra fyrst vegna aukins umferðarþunga sem kallar á að framkvæmdum verði flýtt. Vísast m.a. til samþykktu fjölmargra sveitarstjórna í þá veru.

Áherslur SASSA til aðalfundar SSA 6.-7. okt. nk.

Frestanir á framkvæmdum á landsbyggðinni

Sú frestun sem orðin er á framkvæmdum í fjórðungnum í samgöngumálum, er hörmuð og bent er á, að til að mæta auknu umferðarálagi vegna framkvæmda í fjórðungnum sé nauðsynlegt að bæta í, en ekki draga úr. Einnig er mikilvægt að ekki sé dregið úr fjárframlögum á sama tíma og aukið umferðaröryggi er aðalmál samgönguyfirvalda.

Aukið framlag til girðinga meðfram þjóðvegum.

Vegagerðin er hvött til að stórauka fjármagn til girðinga meðfram þjóðvegum enda er það afar brýnt vegna umferðaröryggis.

Þar sem samkomulag landeigenda, sveitarfélaga, fjáreigenda og Vegagerðar um girðingar og viðhald þeirra er stírt í framkvæmd og alls ekki skilvirkt er það mat aðalfundarins að Vegagerðin eigi alfarið að sjá um og kosta framkvæmdir. Einnig er nauðsynlegt að skoða aðra möguleika, eins og til dæmis að fjölga fjárlausum svæðum og hefta lausagöngu búfjár, þar sem því verður við komið

Bundið slitlag á hringveginn

Þess er krafist að uppbyggingu á þjóðvegi 1 verði lokið hið fyrsta og bendir á að einu ókláruðu vegkaflar hringvegarins séu á Austurlandi og sé það nú árið 2006 algerlega óviðunandi. Endurbótum á aðalflutningsleiðum þurfi að hraða sem allra mest.

Úttekt á þjóðvegum

Sassa leggur til að Vegagerðin fari í faglega úttekt á vegum í fjórðungnum með tilliti til umferðaröryggis og með framtíðar staðsetningu þjóðvegar 1. í huga. Einnig myndi þessi úttekt nýtast til forgangsröðunar á vegabótum í fjórðungnum.

Einbreiðar brýr

Einbreiðar brýr eru hvergi fleiri en á þjóðvegum í Austurlandsfjórðungi, og er það stór partur af umferðaröryggi að fækka þeim. Þetta ætti að vera forgangsverkefni samgönguyfirvalda, sérstaklega í ljósi þess að vilji er til þess að auka öryggi vegfarenda.

Axarvegur

Sassa leggur til að áframhaldandi lagfæringar verði gerðar á Axarvegi, sér í lagi með tilliti til umferðaröryggis og einnig til að halda megi veginum opnum að vetri svo lengi sem Vegagerðin telur skynsamlegt.

Almenningssamgöngur.

Sassa hvetur fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila til að leysa þessi mál með heilstæðum hætti innan fjórðungsins.

Góðar almenningssamgöngur eru eitt af grundvallarskilyrðum fyrir búsetu og öflugri ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Tenging Vopnafjarðar við þjóðveg 1

Sassa harmar þá töf sem orðin er á tengingu Vopnafjarðar við þjóðveg 1 og hvetur til að því verði lokið sem fyrst og sé það sérstaklega mikilvægt fyrir byggðirnar norðan Hellisheiðar að fá örugga heilsárstengingu við þjóðveg eitt.

Aukning þungaflutninga á þjóðvegum landsins

Sassa bendir á það mikla álag sem á vegakerfið hefur bæst eftir að strandflutningar voru lagðir af. Stjórnvöld verða að halda mæta þessu mikla álagi á vegakerfi landsmanna með enn meiri fjárframlögum en ekki niðurskurði til viðhalds og lagfæringa á vegakerfinu þ.a. það geti borið þessa stórauðnu þungaflutning

Hornafjarðar og Vopnafjarðarflugvöllur

Sassa minnir á þýðingu þessara flugvalla fyrir landshlutann og jaðarsvæði hans. Mikið aukinn fjöldi ferðamanna á Suð-Austurlandi kallar á að Hornafjarðarflugvelli verði vel við haldið og þjónusta aukin.

Á meðan ekki er fundin varanleg lausn á heilsárs samgöngum fyrir Vopnafjörð og sveitarfélögin norðan Hellisheiðar verður að tryggja flugsamgöngur við svæðið.

Vetrarþjónusta vegagerðarinnar

Sassa vill að fjármagn verði tryggt til öflugrar vetrarþjónustu á vegum fjórðungsins, einnig vill Sassa hvetja Vegagerðina til að standa við eigið skipulag í vetrarþjónustu í fjórðungnum og reynt verði að standa við þau markmið sem sett eru fram í handbókum hennar um þennan þjónustubátt. Reynt verði eftir fremsta megni að samræma sem mest þjónustuna í landshlutanum til að tryggja betur öryggi í vetrarsamgöngum.

GSM og hraðvirkt netsamband

Sassa vill þakka fyrir þá áfanga sem náðst hafa á undanförunum misserum í þessum málafllokki, en vill jafnframt hvetja stjórnvöld til frekari úrlausna á þessu sviði. Skal í því bent sérstaklega á símasambandslausa vegarkafila í því sambandi.

Einnig vill nefndin lýsa yfir áhyggjum sínum vegna óvissu þeirrar sem langdræga NMT símkerfið er í og hvað taki við ef það kerfi verður lagt niður.

Hafnamál

Sassa þakkar samgönguyfirvöldum fyrir frestun á þeim kafla hafnarlaga sem fjallar um hafnarframkvæmdir og hvetur jafnframt til þess að tíminn verði notaður til að endurskoða 24. grein hafnarlaga.

Endurbætur á hættulegum vegköflum.

Sassa vill leggja sérstaka áherslu að hættulegir vegkaflar í fjórðungnum verði bættir sem allra fyrst. Í ljósi þess átaks sem nú er nýfarið af stað ætti þetta að vera í algerum forgangi, og vill nefndin benda sérstaklega á vegkafla eins og Hólmaháls, Hamarsfjörð, Þvottár- og Hvalnesskriður, Oddskarð og Öxi.

Þjónusta við farþega og ferjusiglingar í Seyðisfjarðarhöfn.

Sassa vill benda á að stóraukin fjöldi farþega um ferjuhöfnina á Seyðisfirði og heilsársáætlun Norrænu kallar á enn betri aðstöðu fyrir farþega og farartæki þeirra. Einnig er bent á að aðstaða til tollskoðunar og eftirlits sé ekki viðunandi og til að tryggja öryggi farþega og annarra þurfi að bæta úr því.

Sassa beinir því þeim tilmælum til stjórnvalda að tryggt verði fjármagn og nú þegar verði hafist handa við endurbætur og viðbætur á aðstöðu tollgæslu við ferjuhöfn á Seyðisfirði þannig að hægt sé að skoða stærri bíla innanhúss en ekki fyrir augum allra.

Jarðgöng á Austurlandi

Sassa fagnar útkominni viðbótaskýrslu um jarðgöng á Mið-Austurlandi vill benda þeim hlutaðeigandi sveitarfélögum sem fjármögnuðu hana að nýta sér skýrsluna til áframhaldandi baráttu til samgöngubóta á Austurlandi.

Áframhaldandi rannsóknir

Sassa krefst þess að samgönguyfirvöld tryggi nú þegar fjármagn til áframhaldandi jarðgangarannsóknna á Austurlandi.

Egilsstaðaflugvöllur.

Sassa leggur áherslu á að framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll til stækkunar flugstöðvarinnar verði hafnar sem fyrst til að leysa þann vanda sem skapast við afgangið flugfarþega.

Þingmál nr. 21

Fundi frestað kl 15:15.

Laugardagur 7. október 2006.

Nefndir að störfum frá kl. 9:00 – 13:00.

Fundi framhaldið kl. 11:00.

6. Þekkingarnet Austurlands, háskólanám, rannsóknir, símenntun

Guðrún Reykdal forstöðumaður Þekkingarnets Austurlands.

Guðrún kynnti þekkingarnetið og starfsemi þess. Það var stofnað 13. júlí s.l. og sagði hún m.a. að stofnaðilar væru nær allir háskólar á Íslandi, Frumkvöðlasetur á Höfn og fl. einnig er ein systurstofnun, Þekkingarnetið á Húsavík. Helsta viðfangsefni er stuðningur og þjónusta

við nemendur, vinna að auknu framboði á fjarnámi bæði frá íslenskum og erlendum háskólum og fleira. Þekkingarmiðstöðvar eru alls níu á landsbyggðinni.

Fyrirspurnir komu frá Stefáni Ólafssyni, Viktoríu Rán Ólafsdóttur og Valdimar Hermannssyni. Guðrún svaraði fyrirspurnum.

7. Mótun framtíð: Stefnumörkun í málefnum fatlaðra

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra

Ráðherra kynnti verkefnið „Mótun framtíðar“ sem unnið hefur verið í félagsmálaráðuneytinu, verkefninu hófst í september 2004 og hafa hátt í annað hundrað manns komið að því. Einnig hefur félagsmálaráðuneytið verið að vinna að stefnumótun í málefnum geðfatlaðra.

Þór G. Þórarinsson skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytis

Þór sagði að ráðuneytið skiptist í fjögur svið, hugmyndin gengur út á að gera stefnumótun fyrir þau öll. Hann kynnti stefnumótun í málefnum fatlaðra barna og fullorðinna 2007-2017. Það sem lagt er upp með er traust, sveigjanleiki og þróun. Stefnt er að gera aðeins betur en aðrar þjóðir hafa gert. Sveitarfélög eiga að koma með fyrstu þjónustuna.

Fyrirspurnir komu frá Helgu Jónsdóttur, Halldóru B. Jónsdóttur, Líneik Önnu Sævarsdóttur, Viktoríu Rán Ólafsdóttur og Önnu Egilsdóttur.

Magnús og Þór svöruðu fyrirspurnum.

Hádegisverðarhlé frá kl. 12:20 - kl. 13:00.

Nefndastörfum lýkur.

5. Afgreiðsla nefndaálita.

• Allsherjarnefnd – Flutningsmaður: Jón Björn Hákonarson

Nefndarmenn : Hjalti Þór Vignisson formaður, Borghildur Sverrisdóttir, Páll Sigvaldason, Katrín Ásgeirsdóttir, Unnur Björgvinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson og Helga Jónsdóttir.

Ályktun um heilbrigðisþjónustu

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 skorar á ríkisstjórn Íslands að halda áfram að efla heilbrigðiskerfið á Austurlandi sem einn mikilvægasta grunnþátt nauðsynlegrar þjónustu við íbúa á svæðinu. Hvatt er til áframhaldandi uppbyggingar og nýtingar upplýsingatækni til að bæta þjónustu heilbrigðisstofnana svo að auðvelda megi íbúum svæðisins not af hátækisjúkrahúsum. Mikilvægt er að stjórnvöld sem komu hinum miklu framkvæmdum á Austurlandi af stað viðurkenni aukið álag á heilbrigðisþjónustu sem framkvæmdunum fylgir og samþykki sérstakar fjárveitingar til að takast á við það. Heilbrigðiskerfið þarf eins og þjónusta sveitarfélaga á svæðinu að geta mætt þeim miklu og hröðu samfélagsbreytingum sem nú eiga sér stað á Austurlandi.

Heilbrigðisstofnun Austurlands

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 ályktar eftirfarandi um málefni Heilbrigðisstofnunar Austurlands:

Heilbrigðisstofnun Austurlands er einn af hornsteinum opinberrar þjónustu í fjórðungnum. Óvenjulegar og tímabundnar aðstæður vegna stórfamkvæmda valda erfiðleikum í rekstri hennar. Verði ekki að gert minnkar þjónustugeta stofnunarinnar gagnvart íbúum svæðisins og hætta er á að þróunarstarf undangenginna ára fari forgörðum. Aðalfundur SSA skorar á

Alþingi að samþykkja aukin framlög til stofnunarinnar þannig að hún geti haldið uppi nauðsynlegri og eðlilegri starfsemi.

Greinargerð:

Frá stofnun Heilbrigðisstofnunar Austurlands árið 1999 hefur verið unnið mikið starf að uppbyggingu og eflingu heilbrigðisþjónustu á starfssvæði stofnunarinnar.

Stofnuninni hefur verið gert kleift að þróa tæknilausnir og aðlaga starfsemina að staðháttum ásamt því að samhæfa aðgerðir og samnýta þekkingu starfsmanna.

Markmið starfsins er og hefur verið að íbúar Austurlands eigi kost á jafn góðri heilbrigðisþjónustu og aðrir Íslendingar og að sú þjónusta sé veitt í fjórðungnum eftir því sem tækni og þekking leyfir. Áhersla hefur verið lögð á aukið framboð sérfræðiþjónustu af ýmsu tagi og stofnunin tekið þátt í þróunarverkefnum heilbrigðisráðuneytisins, m.a. á sviði barnalækninga og sálfræðiþjónustu.

Stofnunin tekst nú á við mikla fólksfjölgun og óvenjuleg verkefni, þ.e. þjónustu við allt að 4.000 starfsmenn við stórframkvæmdir á Austurlandi. Þessi verkefni eru kostnaðarsöm og mikið álag er á starfsmönnum Heilbrigðisstofnunarinnar. Meðan á þeim stendur verður stofnunin að hafa fjárhagslegt svigrúm til að standa vörð um hið reglubundna hlutverk sitt, þ.e. alhliða heilbrigðisþjónustu við íbúa svæðisins.

Ályktun um heilbrigðiseftirlit.

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 beinir því til stjórnar SSA að beita sér af fullum þunga fyrir því að Umhverfisstofnun verði hið fyrsta við endurteknum erindum frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands um framsal eftirlitsverkefna og þvingunarúrræða í samræmi við lagaheimildir þar um.

Jafnréttisyfirlýsing SSA

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 staðfestir jafnréttisyfirlýsingu SSA frá aðalfundi 2002 svohljóðandi:

„Í starfi SSA skal það vera meginregla að bæði kyn verði þátttakendur í sem flestum verkefnum. Við kjör í stjórn, nefndir og ráð á vegum sambandsins skal taka tillit til þessara meginreglu eins og frekast er kostur. Þá eru allar sveitarstjórnir á sambandssvæðinu hvattar til þess að setja sér jafnréttisáætlanir.“

Ályktun um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 skorar á ríkisvaldið að hefja nú þegar heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga. Markmiðið er að fjölga skattstofnum þannig að sveitarfélög beri ekki skarðan hlut frá borði m.v. breytta uppsprettu tekna í þjóðfélaginu.

Stóraukinn fjöldi einkahlutafélaga og einstaklinga sem einungis hafa fjármagnstekjur hefur leitt af sér að einstaklingar sem áður greiddu skatt bæði til ríkis og sveitarfélaga greiða nú í litlum mæli skatt til sveitarfélaga.

Sveitarfélögin hafa þó eftir sem áður lögbundnar skyldur um að veita öllum íbúum sínum þjónustu. Því er óeðlilegt að breytingar á skattaumhverfi og skattareglum leiði það af sér að skattar sem undir þeirri þjónustu eiga að standa hverfi með öllu eða rýrni verulega fyrir einhliða ákvarðanir ríkisvaldsins.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 leggur ríka áherslu á mikilvægi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Jöfnunarsjóðurinn gegnir mikilvægu hlutverki til að tryggja sömu þjónustu við íbúa landsins óháð búsetu. Þetta verður að hafa að leiðarljósi við

endurskoðun á reglum sjóðsins. Fundurinn leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að landshlutasamtökum sveitarfélaga verði áfram tryggð framlög úr sjóðnum.

Fráveitumálefni

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 felur stjórn SSA að beita sér fyrir því að ríkisvaldið komi í auknu mæli að fjármögnun fráveituverkefna sveitarfélaga. Miðað við núverandi tekjustofna sveitarfélaga er augljóst að mörg þeirra hafa ekki bolmagn til að standa við lög um fullnægjandi hreinsun fráveitu. Þá áréttar aðalfundur SSA að ríkisvaldið hlutist til um að tekið verði tillit til staðhátta við fráveitugerð sem ekki eru þeir sömu hér og erlendis.

Stjórnun og eftirlit með hreindýraveiðum á Austurlandi

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 minnir á samþykkt aðalfundar 2003, þar sem því er beint til umhverfisráðherra og Umhverfisstofnunar (UST) að tryggja að forræði vegna stjórnunar og eftirlits með hreindýraveiðum verði á Austurlandi. Minnt er á að hreindýraveiðar fara eingöngu fram á Austurlandi og nú þegar er til staðar í fjórðungnum víðtæk þekking og reynsla, þannig að Austfirðingar eru vel í stakk búnir til að taka málaflokkinn alfarið til sín.

Samstarfssamningur SSA og Þróunarfélags Austurlands

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 fagnar nýgerðum samstarfssamningi SSA og Þróunarfélags Austurlands. Með því að setja samstarfið í formlega umgjörð styrkist vinna þessara aðila í þjónustu fyrir sveitarfélögin í landshlutanum.

Til máls tóku Björn Halldórsson, Ólafur Sigurðsson og Eiríkur Björnsson

Breytingartillögur um orðalag í Ályktun um heilbrigðisþjónustu í stað þjóðfélagsbreytingum verði: “*samfélagsbreytingu*” og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga í stað til að tryggja verði: “*svo hægt sé að veita*”

Breytingartillögurnar samþykktar og álit allsherjanefndar þingskjal 22 að öðru leyti samþykkt samhljóða.

• Fjárhagsnefnd

Þorsteinn Steinsson flutningsmaður

Nefndarmenn Jens Garðar Helgason, Helga Þórarinsdóttir

Álit Fjárhagsnefndar

Til nefndarinnar var vísað Ársreikningi SSA fyrir árið 2005, fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2007 og endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2006. Jafnframt fylgdi gögnum þessum greinargerð framkvæmdastjóra SSA með ársreikningi 2005, fjárhagsáætlun 2007 og endurskoðaðri áætlun 2006. *Öll þessi gögn eru merkt sem þingskjal 3.*

Fjárhagsnefndin hefur farið yfir ársreikning ársins 2005 og leggur til að hann verði samþykktur. Jafnframt hefur verið farið yfir fjárhagsáætlun ársins 2007 og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2006. Leggur nefndin til að fyrirbyggjandi áætlanir verði samþykktar.

Nefndin telur sérstaka ástæðu til þessa að vekja athygli á lífeyrisskuldbindingum SSA, sem samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt nemur 38,2 m.kr. í árslok 2005.

Lagt fram til samþykktar á aðalfundi SSA 6.-7. október 2006.

Ársreikningar árið 2005, fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2007 og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2006 samþykktar samhljóða.

- **Mennta – og menningarmálanefnd**

Ólafur Hr. Sigurðsson formaður

Nefndarmenn: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Soffía Sigurjónsdóttir, Eiríkur Bj. Björgvinsson, Benidikt Jóhannsson, Íris Valsdóttir, Líneik Sævarsdóttir, Pétur Gauti Hreinsson og Guðrún Ingimundardóttir.

Mennta- og menningarmál

Tillaga að ályktun um samstarf í menningarmálum

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6. og 7. október 2006 lýsir ánægju sinni með það öfluga starf sem unnið er í menningarmiðstöðvum fjórðungsins.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi fagnar þeirri grósku sem er í menningarstarfi á Austurlandi í dag. Ljóst er að þá grósku má meðal annars rekja til samnings sveitarfélaga og ríkisins um menningarmál.

Aðalfundur SSA vekur athygli sveitarfélaga á því að samkvæmt gildandi samningi er gert ráð fyrir auknum framlögum sveitarfélaganna til menningarverkefna. Þannig er miðað við að árið 2007 nemi framlag sveitarfélaga að minnsta kosti 25 hundraðshlutum af þeirri heildarfjárhæð sem varið er til verkefnastyrkja og þá er gert ráð fyrir að sveitarfélög greiði að lágmarki helming kostnaðar vegna starfsemi menningarráðsins árið 2007.

Þá lýsir aðalfundur SSA ánægju sinni með gerð samninga milli menningarráðsins, fjögurra menningarmiðstöðva á Austurlandi og viðkomandi sveitarfélaga um þau verkefni er tengjast sérsviðum miðstöðvanna. Miklar væntingar eru gerðar til menningarmiðstöðvanna sem mikilvægs þáttar í uppbyggingu menningar- og listastarfsemi á Austurlandi.

Tillaga að ályktun um Gunnarsstofnun.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn í Hornafirði 6. -7. október 2006 telur að uppbygging síðustu ára á starfsemi Stofnunar Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri hafi haft mikla þýðingu á fjórðungsvísu. Fundurinn skorar á ríkisvaldið að tryggja framtíð stofnunarinnar sem sterkrar og sjálfstæðrar menningarstofnunar með langtímasamningi milli menntamálaráðuneytis og Gunnarsstofnunar. Jafnframt að tryggt verði til framtíðar fjármagn til viðhalds og endurbóta á eignum þjóðarinnar að Skriðuklaustri.

Tillaga að ályktun um fornleifarannsókn á Skriðuklaustri.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn í Hornafirði 6. -7. október 2006 hvetur stjórnvöld til að tryggja áframhaldandi fjármagn til fornleifarannsóknarinnar á Skriðuklaustri svo að ljúka megi henni á næstu árum. Rannsóknin hefur leitt í ljós gagnmerkar upplýsingar fyrir sögu fjórðungsins og þjóðarinnar á síðmiðöldum og kollvarpað gömlum kenningum um klausturbyggingar og starfsemi klaustra. Aðstæður á Skriðuklaustri eru allar með þeim hætti að óásættanlegt er að hætta nú þegar uppgröftur á rústunum er hálfnaður og fyrirsjáanlegt að ljúka megi rannsókninni á fáum árum.

Tillaga að ályktun um Þórbergssetur.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.- 7. október 2006 telur að uppbygging Þórbergssseturs á Hala hafi mikla þýðingu á landsvísu. Fundurinn bendir á að fjárframlög til setursins eru afar lítil. Því leggur fundurinn til að Þórbergsssetri verði tryggð samsvarandi rekstrarframlög og Gunnarsstofnun og Gljúfrasteini svo framtíð Þórbergssseturs sem menningarstofnunar verði tryggð samsvarandi rekstrarframlög frá ríkinu.

Tillaga að ályktun um Þekkingarnet Austurlands

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6. og 7. október 2006 fagnar stofnun Þekkingarnets Austurlands.

Fundurinn leggur áherslu á að haldið verði áfram að efla starfsemina á sviði símenntunar með því að auka framboð og gæði þeirra námskeiða sem íbúum standa til boða. Sérstaklega verði horft til þess hóps sem hefur stutta formlega skólagöngu.

Fundurinn telur uppbyggingu háskólanáms á Austurlandi afar jákvæðan þátt í þróun menntunar í landshlutanum. Einnig telur hann mikilvægt að auka framboð fjarnáms á háskólastigi, m.a. með samstarfi við erlenda háskóla.

Aðalfundur SSA telur mjög brýnt að þekkingarnet Austurlands nái að verða miðstöð rannsóknastarfs í landshlutanum með því að byggja upp þjónustu og ráðgjöf við þá aðila sem stunda rannsóknir á svæðinu og með stuðningi við þekkingarsetrin á Höfn, í Neskaupstað og væntanlegt þekkingarsetur á Egilsstöðum.

Aðalfundur SSA telur mikilvægt að ÞNA vinni að þessum markmiðum í samstarfi við og með stuðningi frá ríkisvaldinu, sveitarfélögum, stofnunum og atvinnulífi í landshlutanum.

Tillaga að ályktun um framhaldsskóla.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6. og 7. október 2006 lýsir ánægju sinni yfir nýjum áfanga í byggingamálum Menntaskólans á Egilsstöðum.

Fundurinn leggur áherslu á að framhaldsskólarnir á starfssvæði SSA gegna lykilhlutverki í mótun mannlífs og undirbúningi ungmenna til þróttmikillar framtíðar hér eystra. Fundurinn felur stjórn SSA að vinna áfram að bættri aðstöðu skólanna til að gegna hlutverki sínu. Einnig skorar fundurinn á stjórnvöld að standa vel að uppbyggingu og rekstri framhaldsskólanna á starfssvæði SSA í ljósi þeirrar fólksfjölgunar sem þegar hefur átt sér stað og framundan er.

Tillaga til ályktunar um lengda viðveru fatlaðra grunnskólanema.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.- 7. október 2006 skorar á félagsmálaráðherra að gera nú þegar samkomulag við sveitarfélögin um kostnaðarþátttöku ríkisins vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanema.

Tillaga að ályktun um málefni innflytjenda.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.-7. október þakkar þeim fjölmörgu, sem komið hafa að og taka þátt í starfshópi SSA um bættu þjónustu við innflytjendur.

Hluti þess starfs var málþing um Fjölmennningarlegt Austurland í september og á aðalfundinum voru kynntir þeir áfangar sem komnir eru.

Lokatillögur eru væntanlegar um næstu áramót og skorar fundurinn á sveitarfélög, atvinnurekendur og ríkisvald til að sinna þessu máli á grundvelli þeirra.

Tillaga að ályktun um framhaldsnám tónlistarnema.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.-7. október 2006 skorar enn og aftur á ríkisvaldið að axla að fullu ábyrgð sína á framhaldsnámi á sviði tónlistar og greiða að fullu stjórnunar- og kennslukostnað við námið.

Tillaga að ályktun um eflingu iðn- og starfsnáms.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.- 7. október skorar áfram á yfirvöld menntamála að stórefla kynningu á iðnnámi og starfsnámi á framhaldsskólastigi. Þá vill fundurinn hvetja til þess að Verkmenntaskóla Austurlands verði ávallt gert kleift að rækja hlutverk sitt sem kjarnaskóla iðn- og tæknimenntunar í landshlutanum. Eftirspurn eftir iðnlærðu fólki og fólki með starfsmenntun er gríðarlega mikil á Austurlandi og landinu öllu og því ætti efling slíks náms að vera forgangsverkefni hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum.

Tillaga að ályktun um að jafna aðstöðu til náms.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.- 7. október telur mikilvægt að framhaldsskólum sé gert fjárhagslega kleift að mæta eftirspurn úr dreifðum byggðum til fjarnáms.

Í þessu sambandi minnir fundurinn á mikilvægi þess að fjarskiptanetið geti sinnt gagnaflutningum með sambærilegum kostnaði fyrir notendur, óháð búsetu .

Tillaga að ályktun um forvarnir.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.- 7. október fagnar þeirri athygli sem nýliðinn forvarnardagur fékk og skorar á sveitarfélögin á starfssvæðinu að hlutast til um að skólar á Austurlandi komi sér upp metnaðarfullri forvarnaáætlun sem fylgt verði eftir.

Tillaga að ályktun um æskulýðs- og íþróttamál.

Aðalfundur SSA haldinn á Höfn 6.-7. október 2006 fagnar þeirri miklu og mikilvægu uppbygginu sem hefur átt sér stað í æskulýðs- og íþróttamálum í fjórðungnum og skorar á sveitarstjórnir innan SSA að halda áfram á sömu braut. Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi æskulýðs- og íþróttastarfs sem forvarnarstarfs og skorar á ríkisvaldið að halda áfram stuðningi við það starf sem unnið er í þessum málaflokki t.d. með öflugum íþróttasjóði og stuðningi við uppbyggingu og rekstur ungmennahúsa. Fundurinn skorar á stjórnvöld að auka fjármagn til sjóðsins með það að markmiði að sjóðurinn styðji betur við íþrótt- og æskulýðsstarf á landsbyggðinni m.a. vegna hins mikla ferðakostnaðar sem íþrótt- og æskulýðsfélög á landsbyggðinni þurfa að bera.

Til máls tók Hjalti Þór Vignisson og gerði grein fyrir stöðu mála varðandi Þórbergssetur og lagði til breytingatillögu að ályktun um Þórbergssetur: *“verði tryggð samsvarandi rekstrarframlög frá ríkinu,”*

Sigurlaug Gissurardóttir og fleiri komu með breytingatillögu við tillögu um jafna aðstöðu til náms.

Tillaga frá fundinum um breytingu á tillögu um að jafna aðstöðu til nám verði:

“gagnaflutningum með sambærilegum kostnaði fyrir notendur, óháð búsetu.”

Tillaga Hjalta samþykkt samhljóða

Tillaga fundarins samþykkt samhljóða

Álit mennta- og menningamálanefndar þingskjal 24 að öðru leyti samþykkt samhljóða

• Byggða- og atvinnumálanefnd - Flutningsmaður: Smári Geirsson

Nefndarmenn: Björn Halldórsson, Vilhjálmur Jónsson, Steinn Eiríksson, Jóhann F Þórhallsson, Guðmundur Ólafsson, Anna Sigríður Karlsdóttir, Brynjólfur Einarsson, Páll Baldursson, Sigrún Birna Björnsdóttir, Díana Mjöll Sveinsdóttir og Sigurlaug Gissurardóttir.

Uppbygging og markaðssetning ferðþjónustu

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. – 7. okt. 2006 beinir þeim eindregnu tilmælum til ráðherra ferðamála og ríkisvaldsins að á næstu árum verði veitt sérstöku fjármagni til uppbyggingar, þróunar og markaðssetningar á sviði ferðþjónustu á jaðarsvæðum fjórðungsins, þar sem áhrifa stóriðju og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi gætir ekki.

Jafnframt leggur fundurinn áherslu á að vegna mikilla vegalengda innan fjórðungsins og til að tryggja öryggi ferðamanna verði þar reknar tvær fullgildar landshlutamiðstöðvar, á Höfn og Egilsstöðum, auk landamæraðstöðvar á Seyðisfirði.

Fundurinn beinir og þeim tilmælum til ferðþjónustuaðila að jafnframt því sem þeir skerpi áherslu í markaðssetningu einstakra svæða, skoði þeir með hvaða hætti þeir geti aukið samstarf innan fjórðungsins og við aðra landshluta m.a. með tilliti til stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs.

Vatnajökulsþjóðgarður

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. – 7. október 2006 styður stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og ítrekar fyrri ályktanir um mikilvægi þess að tryggðir verði nægir fjármunir til uppbyggingar og reksturs stærsta þjóðgarðs Evrópu.

Áhersla er lögð á að völd og áhrif heimamanna verði tryggð t.d. með þjónustusamningi yfirstjórnar um rekstur og uppbyggingu á einstökum rekstrarsvæðum.

Fundurinn leggur áherslu á að við gerð framkvæmdaáætlunar verði þegar hugað að brýnustu úrbótum í Skaftafelli, einum fjölsóttasta ferðamannastað landsins.

Skógrækt ríkisins

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október lýsir áhyggjum sínum af niðurskurði á fjárveitingum til Skógræktar ríkisins en í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir skertum fjárframlögum til stofnunarinnar 3. árið í röð. Nú er svo komið að uppsafnaður höfuðstóll Skógræktarinnar er uppurinn og því ljóst að niðurskurðurinn núna mun þýða skerta þjónustu og fækkun starfsfólks.

Fundurinn beinir því til þingmanna og fjárveitingarvaldsins að tryggt verði að Skógrækt ríkisins geti sinnt lögbundu hlutverki sínu þannig að það bitni hvorki á hefðbundinni starfsemi stofnunarinnar eða komi niður á framtíðaráherslum stofnunarinnar s.s. þátttöku í uppbyggingu vísinda- og þekkingarstarfs á Austurlandi

Þá hafnar fundurinn alfarið öllum hugmyndum um flutning höfuðstöðva Skógræktar ríkisins frá Egilsstöðum.

Aukið fjármagn til skógræktarverkefna

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 ítrekar fyrri tilmæli sín til fjárveitingavaldsins um að staðið verði við fyrirliggjandi þingsályktun um skógrækt. Til að svo megi verða þarf að auka fjárveitingar til landshlutabundinna skógræktarverkefna s.s. Héraðsskóga, Austurlandsskóga og Suðurlandsskóga.

Um lækkun á matvælaverði

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 varar við því að þær aðgerðir sem bett verður við lækkun matvöruverðs valdi byggðaröskun. Fundurinn bendir á mikilvægi landbúnaðarins og vinnslu og þjónustu tengda landbúnaði fyrir landsbyggðina.

Jarðhitaleit-orkuverð

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 skorar á stjórnvöld að auka nú þegar fjárveitingar til jarðhitaleitar á svonefndum köldum svæðum. Bent er á að mörg hinna minni sveitarfélaga á þessum svæðum eiga m.a. í miklum erfiðleikum með rekstur sundlaugarmannvirkja og er því nauðsynlegt að þau fái sérstaka niðurgreiðslu á raforkuverði meðan ekki finnast aðrar lausnir. Niðurgreiðslan gæti tekið mið af meðalkyndingarkostnaði hjá hitaveitum landsins.

Orkuverð – varaafli

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 ítrekar fyrri ályktanir um að fylgst verði með hvernig orkuverð til almennings og atvinnufyrirtækja þróast í nýju lagaumhverfi á orkusviði. Sérstaklega þarf að fylgjast með þróun rafhitunarkostnaðar í dreifbýli.

Öryggi í afhendingu raforku í hinum dreifðu byggðum getur skipt sköpum fyrir þróun atvinnulífs og því beinir fundurinn því til stjórnvalda að alls staðar sé nægjanlegt varaafli til staðar.

Reykjavíkurflugvöllur

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 skorar á stjórnvöld að tryggja að miðstöð innanlandsflugs verði áfram í Reykjavík.

Vöktunarverkefni

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 leggur áherslu á framkvæmd vöktunarverkefnis sem felur í sér rannsóknir á samfélagslegum áhrifum stóriðju- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Mikilvægt er að verkefninu ljúki ekki árið 2009 eins og nú er gert ráð fyrir heldur verði því sinnt áfram svo upplýsingar um endanleg áhrif framkvæmdanna á samfélagið verði fyrirbyggjandi. Nauðsynlegt er að niðurstöður verkefnisins séu kynntar með reglubundnum hætti og að stjórnvöld bregðist við þeim þegar ástæða þykir til.

Umfjöllun fjölmiðla um atvinnuuppbyggingu

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006 fer þess eindregið á leit við fjölmiðla að þeir fjalli um atvinnuuppbyggingu á Austurlandi með sambærilegum hætti og fjallað er um slíka uppbyggingu í öðrum landshlutum. Ekki er óeðlilegt að gerð sé sú krafa að fjölmiðlar sýni sanngirni í umfjöllun sinni um þessi mál og hlutlægni sé gætt í hvívetna.

Til máls tóku Sigurlaug Gissurardóttir og velti upp hvort ekki væri hægt að setja á fót vöktunar- og markaðsrannsóknarverkefni vegna stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs og vistun þeirra í Nýheimum. Valdimar O. Hermannsson gerði athugasemdir við orðalagsbreytingu á tillögu um matarverð. Guðmundur . gerði einnig orðalagsbreytingu við sama mál.

Orðalagsbreyting er þannig *“varar við því að þær aðgerðir sem beitt verður við lækkun matvöruverðs valdi byggðaröskun”*

Tillaga samþykkt samhljóða

Þingskjal 25 að öðru leyti samþykkt samhljóða.

• Samgöngunefnd – Flutningsmaður Björn Hafþór Guðmundsson

Nefndarmenn: Anna Pála Víglundsdóttir , Albert Jensson, Baldur Pálsson, Sigurður Grétarsson, Guðmundur Þorgrímsson, Eiður Ragnarsson, Ævar Ármannsson og Reynir Arnarson.

1. Að viðhalda því vegakerfi sem nú þegar hefur verið byggt upp, ásamt því að stytta leiðir og auka öryggi vegfarenda. Fundurinn undirstrikar að hluti af öryggi vegfarenda sé hnökralaust GSM samband á öllum vegum.
2. Að eftirtaldir kaflar á þjóðvegi 1 verði forgangsverkefni, og að þeim verði lokið sem allra fyrst:
 - Í Örefasveit,
 - við Hornafjarðarfljót,
 - um Þvottár- og Hvalnesskriður,
 - í Hamarsfirði,
 - í Berufjarðarbotni,
 - í Skriðdal,
 - í Arnórsstaðamúla.

Einnig er forgangsverkefni að fækka einbreiðum brúm.

3. Að auknu fjármagni verði veitt til nýframkvæmda og endurbóta við safnvegi, tengivegi og styrkvegi, með tilliti til umferðaröryggis, styttinga og uppbyggingar, s.s.
 - á Öxi,
 - á Hólmahálsi,
 - á Borgarfjarðarvegi
 - vegna tengingar Vopnafjarðar um Vopnafjarðarheiði við þjóðveg 1.
4. Að bæta vetrarþjónustu Vegagerðarinnar í fjórðungnum til að tryggja öruggar heilsárssamgöngur milli allra byggðarkjarna.

5. Að tryggja fjármagn til girðinga meðfram öllum þjóðvegum á Austurlandi og að fela veghaldara að sjá um viðhald þeirra.
6. Að nú þegar verði tryggt fjármagn til athugana á þeim verkefnum sem tíunduð eru í samgönguáætlun sem næstu kostir í jarðgangagerð á Austurlandi þ.e. Norðfjarðargöngum og Vopnafjarðargöngum og farið verði í þær rannsóknir tafarlaust.
7. Að gildistöku 24. gr. Hafnarlaga, sem fjallar um ríkisstyrktar framkvæmdir, verði frestað ótímabundið og lögin endurskoðuð. Á meðan endurskoðun er í gangi verði haldið áfram að styrkja hafnarframkvæmdir, sem falla undir núverandi ákvæði.
8. Að aðstaða til tollskoðunar og móttöku farþega við ferjuhöfn á Seyðisfirði verði bætt.
9. Að lengja flugbraut Egilsstaðaflugvallar í 2.700 metra og gera hann þannig úr garði að hann uppfylli ýrustu kröfur sem varaflugvöllur í millilandaflugi.
10. Að viðhalda og bæta þjónustu og öryggi á Hornafjarðarflugvelli, s.s. með gerð þverbrautar, til að auka notkunarmöguleika vallarins. Hið sama gildir um Vopnafjarðarflugvöll hvað varðar flugöryggi og þjónustu við íbúa norðan Smjörvatnsheiðar.

Björn Halldórsson og Sigurður Bjarnason gerðu tillögur um orðalagsbreytingu

Orðalagsbreytingin er þannig “ *Einnig er forgangsefni að einbreiðar brýr heyri sögunni til*”

Tillaga samþykkt samhljóða

Þingskjal 26 að öðru leyti samþykkt samhljóða.

Helga Jónsdóttir kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir ánægjulega fundarsetu. Hún minnti einnig á jafnréttisáætlun sambandsins frá árinu 2002.

• Uppstillingarnefnd / Kjörnefnd - Flutningsmaður Þráinn Lárusson

Í nefndinni sátu: Guðmundur R Gíslason, Árni Rúnar Þorvaldsson

Kosningar aðalfundar SSA 2006

Aðalmenn:

Varamenn:

Stjórn SSA:

Reynir Arnarson, Sv.f. Hornafirði
Guðrún Ingimundard, Sv.f. Hornafirði
Björn Hafþór Guðmundsson, Djúpavogi
Guðmundur R Gíslason, Fjarðabyggð
Páll Baldursson, Breiðdalsvík
Ævar Ármannsson, Fjarðabyggð
Ólafur Ármannsson, Vopnafirði
Guðmundur Ólafsson, Fljótsháðals
Ólafur Sigurðsson, Seyðisfirði

Elín Magnúsdóttir, Sv.f. Hornafirði
Erna Gísladóttir, Sv.f. Hornafirði
Andrés Skúlason, Djúpavogi
Díana Mjöll Sveinsdóttir, Fjarðabyggð
Líneik Anna Sævarsdóttir, Fjarðabyggð
Jóhanna Hallgrímsdóttir, Fjarðabyggð
Anna Pála Víglundsdóttir, Vopnafirði
Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótsháðals
Baldur Pálsson, Fljótsháðals

Skoðunarmenn ársreikninga:

Jóhanna Guðmundsdóttir, Fljótsháðals
Sigurjón Jónasson, Fljótsháðals

Ólafía Þ. Stefánsdóttir, Seyðisfirði
Ari Bogason, Seyðisfirði

Orku- og stóriðjunefnd SSA:

Katrín Reynisdóttir, Seyðisfirði
Smári Geirsson, Fjarðabyggð
Valdimar O Hermannsson, Fjarðabyggð

Borghildur Sverrisdóttir, Vopnafirði
Sigrún Birna Björnsdóttir, Fjarðabyggð
Pétur Gauti Hreinsson, Fjarðabyggð

Þráinn Lárusson, Fljótsdalshéraði
Torfi Friðfinnsson, Sv.f. Hornafirði
Guðmundur Valur Gunnarsson Djúpavogi

Katrín Ásgeirsdóttir, Fljótsdalshéraði
Reynir Arnarson, Sv.f. Hornafirði
Friðrik Ingvaldsson, Sv.f. Hornafirði

Samgöngunefnd SSA:

Björn Ármann Ólafsson, Fljótsdalshéraði
Andrés Skúlason Djúpavogi
Írís Valsdóttir, Fjarðabyggð
Reynir Arnarson, Sv.f. Hornafirði
Eiður Ragnarsson, Fjarðabyggð
Þorsteinn Steinsson Vopnafirði

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótsdalshrepp
Árni Rúnar Þorvaldsson, Sv.f. Hornafirði
Guðmundur Þorgrímsson, Fjarðabyggð
Elín Magnúsdóttir, Sv.f. Hornafirði
Jens Garðar Helgason, Fjarðabyggð
Ómar Bogason Seyðisfirði

Samráðsfundur Landsvirkjunar

Smári Geirsson, Fjarðabyggð
Þráinn Lárusson, Fljótsdalshéraði
Torfi Friðfinnsson, Sv.f. Hornafirði
Katrín Reynisdóttir, Seyðisfirði

Valdimar O Hermannsson, Fjarðabyggð
Katrín Ásgeirsdóttir, Fljótsdalshéraði
Reynir Arnarson, Sv.f. Hornafirði
Borghildur Sverrisdóttir, Vopnafirði

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Sigurður Ragnarsson Fljótsdalshéraði
Valdimar O Hermannsson Fjarðabyggð
Kristín Ágústdóttir Fjarðabyggð
Björn Emil Traustason Sv.f. Hornafirði
Andrés Skúlason Djúpavogi
Borghildur Sverrisdóttir Vopnafirði

Guðmundur Ólafsson Fljótsdalshéraði
Guðmundur R Gíslason Fjarðabyggð
Eiður Ragnarsson Fjarðabyggð
Sigurlaug Gissurardóttir Sv. f. Hornafirði
Guðrún Ingimundardóttir Sv.f. Hornafirði
Elva Rúnarsdóttir Seyðisfirði

Tilmæli: Nefndin leggur til að Fljótsdalshérað, Vopnafjörður og Seyðisfjörður skipti fulltrúum (2)

Þingskjal 27 samþykkt með lófaklappi.

6. Önnur mál.

Ólafur Ármannsson þakkaði fyrir ánægjulegt þing og bauð formlega til 41.aðalfundar SSA á Vopnafirði að ári.

Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri tók til máls og þakkaði starfsmönnum vel unnin störf og sleit síðan þinginu kl. 15.00.

sign. Ásta Halldóra Guðmundsdóttir
sign. Helgi Már Pálsson